

L Ö G

32

27 júní

um

breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gaúta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Á eftir „akkerisvindum“ í 2. lið 1. greinar laganna bætist: netum, lóð-
arbelgjum, önglum, öngultaumum, blásteini, bjarghringjum, björgunarbeltum,
barkalit, botnrúllum, söltuðum húðum, körfum til uppskipunar, girðinganet-
um, hampi, garni til fiskumbúða, botnvörpuhlerum og efni í þá, skipaskrúf-
um (úr járn), bátsuglum (Davider), togvindum (trawlwinch), veiðarfæralás-
um allskonar, botnrúllukeðjum, stýriskeðjum, blýlóðum, mómylsnu, glauber-
salti, steinmulningi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.